



## TRÚNAÐARYFIRLÝSING

Nafn starfsmanns

Kennitala

Lögheimili

Póstfang

Ég, undirritaður/uð, hef kynnt mér reglur um réttindi og skyldur starfsmanna hjá Reykjavíkurborg, siðareglur starfsmanna, ráðningarskilmála starfsmanna Reykjavíkurborgar, reglur um ábyrgð á upplýsingum sem starfsmaður Reykjavíkurborgar hefur aðgang að í starfi sínu svo og lög og reglur er varða trúnað um upplýsingar sem ég hef aðgang að á meðan ég starfa hjá Reykjavíkurborg.

Ég er meðvitaður/uð um að í starfi mínu hjá Reykjavíkurborg get ég haft aðgang að gögnum sem varða fjárhagsleg eða persónuleg málefni viðskiptavina, starfsmanna og Reykjavíkurborgar sjálfrar sem ég er bundinn/n trúnaði um. Ég geri mér grein fyrir því að mér er ekki heimilt að kynna mér fjárhagsleg eða persónuleg gögn eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem falla utan verksviðs míns.

Ennfremur er ég meðvitaður/uð um að ekki er heimilt að skrá sig inn í hugbúnaðarkerfi sem annar notandi eða fylgjast með vinnslu annars starfsmanns á skjá án hans samþykkis, né að lesa tölvupóst eða önnur gögn annarra starfsmanna, nema með leyfi viðkomandi starfsmanns eða sérstakri heimild svo sem dómsúrskurði.

Undirrituðum/aðri er kunnugt um öll ofangreind atriði og heitir því að hlíta þeim í einu og öllu.

Ég heiti fullum trúnaði um allar þær upplýsingar sem mér ber að gæta trúnaðar um skv. lögum og reglum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi, sbr. 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Reykjavík, \_\_\_\_/\_\_\_\_/20\_\_

Undirskrift starfsmanns